



Bæjarstarfsmannafélagið  
**SAMFLOT**

# SAMFLOTS-fréttir

5. tölublað

Mars 2018

5. árga ngur



**ORLOFSBLAÐ 2018**

Sendandi: Samflot bæjarstarfsmannafélaga.  
Bylgjubýggð 51, 625 Ólafsfjörður



## Ágætu Samflotsfélagar

Enn förum við á stað með orlofspakkann okkar. Það er eins og áður fjölbreyttur pakki sem við bjóðum uppá og vonandi líkar ykkur við það sem er í boði.

Við bjóðum sem áður upp á orlofshús víðsvegar um land, íbúðir í Reykjavík og orlofshús á Spáni. Enn fremur bjóðum við uppá ýmis afsláttarkort sem gilda um allt land. Þá bjóðum við upp á flug til Vestmannaeyja með flugfélaginu Ernir á mjög góðu verði.

Við erum líka með afslátt á hótélum sem ætti að nýtast félagsmönnum vel á ferðalögum um landið í frítímum þeirra. Rétt er að ítreka að nauðsynlegt getur verið að athuga hvort laust sé á hótelinu áður en miði er keyptur.

Við erum að sjálfsögðu áfram með “Orlof að eigin vali”, nánar um það inn í blaðinu.

Við erum alltaf að líta í kringum okkur eftir fleiri möguleikum og við biðjum því félagsmenn að vera duglega að fylgjast með á orlofsvefnum því þar koma inn nýjungar ef af þeim verður.

Að sjálfsögðu eru allar upplýsingar um orlofsmöguleikana á heimasíðum félaganna sem eru;

Starfsmannafélag Dala— og Snæfellsnessýslu [sds.is](http://sds.is)

Starfsmannafélag Fjallabyggðar [stol.is](http://stol.is)

Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum [fosvest.is](http://fosvest.is)

Starfsmannafélag Vestmannaeyja [stavey.is](http://stavey.is)

og á heimasíðu Samflots, [samflot.is](http://samflot.is)

Þá er ekkert annað að gera en að fara að fletta blaðinu og skoða framboðið, það kemur á óvart trúi ég.

**Vinsamlega athugið að gæludýr eru stranglega bönnuð í öllum orlofshúsum og íbúðum sem félögin eru með á sínum vegum.**

f.h. orlofsnefndar.

Guðbjörn Arngrímsson formaður Samflots.



Samflots-fréttir

Rejstariáttarfélagið  
SAMFLOT

Ábyrgðarmaður og ritstjóri:  
Guðbjörn Arngrímsson  
formaður Samflots.

Hönnun: Samflot.

Prentun: Tunnan.

### Skrifstofur og upplýsingasímar:

Formaður Samflots:

GSM: 899-6213

### Skrifstofa Fos.-Vest. Ísafirði:

S: 456-4407. GSM: 845-2696

Opið: mán.-föst. kl. 10-12 & 13-15

### Skrifstofa SDS Grundarfirði:

S: 436-1077. GSM: 899-7090

Opið: mán.-föst. kl. 9-17

### Skrifstofa STAVEY Vestmannaeyjum:

S: 481-1095. GSM: 894-1095

Opið: mán.-föst. kl. 10-15

### Formannaráð Samflots:

Formaður: Guðbjörn Arngrímsson

St. Fjallabyggðar.

Ritari: Helga Hafsteinsdóttir

St. Dala og Snæ.

Aðrir ráðsmenn:

Gylfi Guðmundsson Fos-Vest.

Helga Þuríður Árnadóttir St. Húsavíkur.

Unnur Sigmarsdóttir STAVEY.

Ragnar Sigurðsson FOSA.

Björgúlfur Halldórsson St. Fjarðabyggð.

### Orlofsnefnd Samflots skipa:

Guðbjörn Arngrímsson St. Fjall.

Dóra Aðalsteinsdóttir SDS

Unnur Sigmarsdóttir STAVEY

Ragnheiður Ása Ingvarsdóttir Fos.-Vest.

### Forsíðumynd:

Falleg kvöldsól í Húsafelli.

## Að bóka orlofshús á netinu er sáræinfalt

### Úthlutunarreglur á orlofshúsum.

1. Allar bókanir fara fram á ORLOFSVEF SAMFLOTS, sem er á heimasíðum félaganna og á heimasíðu Samflots, samflot.is.
2. Nota þarf rafræn skilríki eða Íslykil til að skrá sig inn í orlofskerfið.
3. Þar er hægt að fá upplýsingar, bóka og greiða fyrir húsin. Veljið LAUST, þar er farið í Landsvæði og velja þar svæði sem þeir vilja vera á, nú eða öll landsvæði til að sjá hvaða hús eru laus. Ef kerfið „fyrstur kemur fyrstur fær“ er í gildi þá panta félagsmenn og greiða strax. Ef kaupa á hótelið, flugmiða eða veiði-, golf- eða útilegukort þá er farið í ÁVÍSANIR og gengið frá kaupunum á sama hátt.
4. Fyrir sumarsorlofstímann er auglýstur umsóknartími og allar umsóknir leggjast í afgreiðslugrunn kerfisins og biða úthlutunar.
5. Úthlutun á sér stað á fyrirfram ákveðnum tíma sem auglýstur hefur verið. Kerfið hefur þá reiknað út punktastöðu hvers félagsmanns og úthlutar eftir þeim réttindum sem þar koma fram. Umsækjendur sem fá úthlutað fá staðfestingarbréf með númeri úthlutunar.
6. Þegar umsækjandi sem fékk úthlutað hyggst greiða fyrir úthlutun:
  - Opna [www.samflot.is](http://www.samflot.is) eða heimasíðu viðkomandi félags.
  - Velja orlofsvefur á forsiðu og skrá sig inn í kerfið.
  - Undir liðnum „Umsóknir“ stendur ógreidd úthlutun - ýta á hann, þá kemur upp greiðsluform fyrir kreditkort.
  - Ef félagsmenn hafna úthlutunum, þá er unnið úr biðlistum. Eftir það opnast kerfið og gildir þá reglan „fyrstur kemur - fyrstur fær“.
6. Utan úthlutunartímabíla er opið fyrir bókanir innanlands tvo - þrjú mánuði fram í tímann og þar gildir reglan “fyrstur kemur, fyrstur fær”

### Punktar og úthlutanir

Frádráttur orlofspunkta er mismunandi eftir tímabilum. Sumartímabilið 2018 er frá 25. maí til 14. sept. og skiptist frádrátturinn þannig:

- 25/5 - 22/6 er frádráttur 12 punktar
- 23/6 - 10/8 er frádráttur 18 punktar
- 11/8 - 14/9 er frádráttur 12 punktar

Fyrir orlof að eigin vali dragast frá 15 punktar. Kort og hóteliðar kosta ekki punkta.

- Orlofshús sem tekin er eftir reglunni "fyrstu kemur fyrstur fær" á sumarsorlofstímabilinu kosta líka punkta.
- Allir virkir félagsmenn geta sótt um á úthlutunartímum þó þeir eigi fáa eða enga punkta. Við úthlutun fer þá punktastaða viðkomandi í mínus. Orlofshús sem bókuð eru utan úthlutunartíma kosta ekki punkta.
- Úthlutun á vetrartíma skerðir ekki rétt og möguleika félagsmanna til úthlutunar á sumartímabili.

Opnað verður fyrir umsóknir á sumartímabili þann 6. apríl og úthlutað verður fyrir tímabilið 25. maí til 14. september, þann 13. apríl.

Allir félagsmenn sem sóttu um fá sendan tölvupóst, hvort sem þeir fengu úthlutun eða ekki.

Félagsmenn sem fengu úthlutað hafa til 18. apríl að greiða fyrir úthlutanir.

Vefurinn opnar síðan fyrir “fyrstur kemur fyrstur fær” þann 20. apríl.

## Orlofsíbúðir á Reykjavíkursvæðinu.

Lautarsmári 1, íbúð no. 32, 3. hæð, Kópavogi

Í íbúðinni eru tvö svefnherbergi, annað með hjónarúmi og hitt með tvöföldu rúmi og kojum.



Lyklabox er í anddyri á veggnum á móti dyrabjöllunum og er númerið í samningnum. Lyfta er í húsinu.



## Sóltún 30, 4. hæð, Reykjavík



Rúmgóð íbúð á fjórðu hæð í lyftuhúsi. Í íbúðinni eru tvö svefnherbergi, annað með hjónarúmi, og hitt með kojum (barnaherbergi). Lyklabox er í anddyri og er númerið í samningnum



## Frágangur og skil á íbúðum.

- Við brottför skal þrifa íbúðirnar vandlega. Skiljum við íbúðir eins og við viljum taka við þeim.
- Loka gluggum og hurðum.
- Ganga skal tryggilega frá rusli.
- Tæmum ísskáp og þrífum bakaraofn og grill.
- Leigjendur þurfa að hafa með sér salernispappír.
- Munum að það er sameiginlegt verkefni okkar allra að halda orlofsdvalarstöðum í góðu lagi. Ef eitthvað vantar í íbúðirnar eða leigutaki hefur einhverjar athugasemdir, þá vinsamlegast hafið samband við umsjónarmann 899-6213.
- Öll notkun tóbaks er stranglega bönnuð í íbúðunum þ.m.t. nef- og munntóbak.
- Munum að við erum gestir í þessum íbúðum, virðum því rétt annarra íbúa til næðis og vörumst hávaða einkum þegar líður á kvöld.

Hvað er til staðar í íbúðunum	Stærð í m <sup>2</sup>	Svefnpláss	Sængur og koddar	Sængurfánaður	Eldavél/ófn	Gasgrill	Sjónvarp/úrvarp	Nettenging	Uppþottavél	Þvottavél	Heitur pottur	Borð/gólfuskur og viskustykki
Lautarsmári	85	6	6	Nei	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Nei	Nei
Sóltún	82	4	4	Nei	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Nei	Nei



## Nýtt orlofshús Samflots í Bláskógabyggð.

Akrasel við Vatnshólaveg í landi Syðri-Reykja í Bláskógabyggð.

Þetta er fallegur fullbúinn 76 m<sup>2</sup>, heilsársústað með svefnlofti.

Fallegt umhverfi og gott útsýni til allra átta. Þetta er vinsælt svæði þar sem er stutt í þjónustu og afþreyingu: Sundlaugar, golfvelli, veiði, Gullfoss, Geysir, Þingvelli, Flúðir, Skálholt, Laugarvatn og Reykholt svo eitthvað sé nefnt.

Verslanir eru í nágrenninu eins og Reykholti, 8 km., Flúðum 20 km. og Laugarvatni 15. km. svo eitthvað sé nefnt. 48 km. eru á Selfoss. Ef klárast af gaskút eru leigjendur beðnir fara í Bjarnabúð í Reykholti með leigusamning og sýna hann og fá þá afhentan nýjan kút.



## Mosfell

## Á Torrevieja á Spáni

Um er að ræða endaraðhús með gistirými fyrir 6-8 manns og eru félagsmenn beðnir að virða þann fjölda. Allt innbú er afar vandað í húsinu.

Húsnæðið er 102 fermetrar á þremur hæðum en í raun er íbúðin bara á 1. og 2. hæð. Á 3. hæðinni eru sólarvalir með góðu útsýni yfir svæðið, sést m.a. yfir á La Manga skagann.

Allur borðbúnaður er fyrir 12 manns. Svefnherbergin eru með góðum rúmum, sængur og koddar og öll rúmföt og handklæði eru til staðar, ásamt strandhandklæðum. Barnaferðarúm og barnastóll eru í íbúðinni. Baðherbergin eru tvö.

Lóð húsin er afgirt og sólbaðsaðstaða og gott rými er til að borða úti bæði á verönd og í bakgarði. Sundlaugagarðurinn er í lokuðum kjarna á milli húsanna og er garðurinn læstur fyrir almenningi, einungis ætlaður þeim sem gista húsin og gesti þeirra.

Félagsmenn eru beðnir að athuga að umsóknir um húsið fara yfirleitt fram áður en orlofsblaðið kemur út og eru því beðnir að fylgjast með á heimasíðum félaganna ef þeir hafa hug á að sækja um húsið. **Enn eru laus tímabil og hægt er að sækja um þau á orlofsvefnum.** Eins er möguleiki að fá húsið leigt utan auglýstra tímabila ef félagsmenn hafa áhuga á vor, vetrar, haust – og/eða jólaferð, en þá þarf að hafa samband við viðkomandi starfsmannafélag eða formann Samflots S: 899-6213, sem athugar hvort húsið sé laust.

**Dýrahald er ekki heimilt í húsinu og reykingar aðeins leyfðar utandyra.**

Á heimasíðu eiganda hússins, [www.tilspanar.is](http://www.tilspanar.is) eru allar nánari upplýsingar um húsið og nágrenni.



## FLUGMIÐAR TIL VESTMANNAEYJA MEÐ FLUGFÉLAGINU ERNIR.

- Við bjóðum áfram upp á flugmiða í Vestmannaeyja. Flugmiðinn kostar kr. 8.950 aðra leiðina.
- Ýmislegt er hægt að gera sér til dundurs í Eyjum. Gista á góðu hóteli, slaka á, borða góðan mat á einhverjum af mörgum

góðum veitingastöðum í Eyjum. Skoða skemmtilegt umhverfi og sjá hve stórkostlega eyjarnar hafa verið unnar upp eftir gos.

- Sagnheimar, Sæheimar já og Eldheimar stórkostlegt gosminjasafn, sumir segja Pompei norðursins.
- Svo er hægt að fara í golf á hinum stórkostlega golfvelli Golfklúbbs Vestmannaeyja í Herjólfssdal með magnaða náttúrufegurð á allar hliðar. Já og svo ótal margt annað, bara fara og njóta.



## Orlof að eigin vali

Félagsmönnum gefst kostur á að sækja um styrk sem er kallaður „Orlof að eigin vali“.

Sækja þarf um styrkinn inn á bókunarsíðu orlofsvefs undir „Umsóknir“. Ekki er hægt að sækja um á skrifstofum félaganna.

Í boði eru 120 styrkir hver að upphæð kr. 23.000.

Hver félagsmaður getur fengið styrk annað hvert ár.

Styrkur er greiddur út að dvöl eða ferð lokinni og framvísa þarf löglega númeruðum vsk.-reikningi sem gefinn er út á umsækjanda styrksins.

Orlof að eigin vali gildir fyrir orlofsdvöl á almanaksárinu 2018 og sækja þarf um í síðasta lagi fyrir 1. október.

Dæmi um orlofsdvöl að eigin vali geta verið dvöl á hóteli, orlofsferð innanlands eða erlendis (sólárfarð eða annað), leiga á ferðavögnum, eða hvað annað sem félagsmaður kys að gera í sumarfríinu.

Ekki er hægt að framvísa kvittunum fyrir þjónustu sem Samflot, eða stéttarfélag innan Samflots, bjóða sínum félagsmönnum.

Aldrei er greitt hærra en 50% af útlögðum kostnaði.

Þeir sem fá úthlutað styrk fara með staðfestinguna á skrifstofu síns aðildarfélags og fá styrkinn greidda að uppfylltum áður frágreindum skilyrðum.

**Ekki er hægt að fá úthlutað „orlofi að eigin vali“ og vikudvöl í íbúð eða orlofshúsi á sumarorlofstíma á sama árinu.**

## Verðskrá:

### Orlofshús 2018

Vikuleiga, sumartímabil kr. 23.000

Dagsleiga kr. 5.000

Helgarleiga kr. 13.000

### Íbúðir 2018

Vikuleiga, sumartímabil kr. 23.000

Dagsleiga kr. 5.000

Helgarleiga kr. 13.000

### Annað

#### Veidikortið 2018

til sölu á vefnum. kr. 6.000

#### Útilegukortið 2018

til sölu á vefnum kr. 14.100

#### Golfkortið 2018

til sölu á vefnum kr. 3.500

### Hótelgisting innan lands 2018

Samflotið hefur gert samning við eftirtalin hótél.

Grand og Centrum hótél allt árið kr. 8.500 miðinn  
Greiða skal 1 miða að vetri en 2 á sumartíma.  
Að auki skal greiða kr. 6.000 við komu á hótél.

FOSS-hótél, allt árið kr. 10.000 miðinn  
Greiða skal 1 miða að vetri en 2 á sumartíma.  
FOSS-hótél Reykjavík allt árið kr. 8.500 miðinn  
FOSS-hótél Glacier Lagoon allt árið kr. 8.500 miðinn.  
Greiða skal 1 miða að vetri en 2 á sumartíma.  
Að auki skal greiða kr. 6.000 við komu á þessi 2 hótél.

Eddu-hótél kr. 10.500 miðinn

Hótél KEA frá kr. 12.200 miðinn

Hótél Keflavík frá kr. 11.000 miðinn

Hótél Keflav. gistiheimili frá kr. 6.400 miðinn

Icelandair-hótél kr. 10.400 miðinn

Þetta eru lægstu verð á gistimiðum.

Verð á hótélum geta breyst á árinu, rétt verð er alltaf verðið á hótelmiðunum.

**A.T.H. Nauðsynlegt er að sýna gistimiða við komu á hótél.**

# HÓTEL Í BOÐI 2018

## KEA-hótel Akureyri



4\* hótel í miðbæ Akureyrar.  
Gisting í eins manns herbergi kr. 12.200, vetur og kr. 23.300, sumar, og tveggja manna herbergi kr. 15.300, vetur, og kr. 27.700, sumar.

Morgunverður af hlaðborði innifalinn.

## Hótel EDDA



Gistimiðinn kostar 10.500 kr.  
Eddu-hótelin eru á 13 stöðum víðs vegar á landinu.  
Gistimiðinn gildir á öll Eddu Hótel á landinu og gildir fyrir tvo í herbergi með handlaug.  
Gistimiðar Eddu-hótelanna gilda eingöngu yfir sumartímann.

Allar frekari upplýsingar um hótelin má fá á heimasíðu Hótel Eddu, [www.hoteledda.is](http://www.hoteledda.is)

## FOSS-hótel

FOSSHOTEL

Hótelin eru 13 talsins, 10 heilsárhótel og 3 sumarhótel. Verð á gistimiða er kr. 10.000  
Einn gistimiði gildir fyrir gistingu í tveggja manna herbergi ásamt morgunverði af hlaðborði í eina nótt yfir vetrartímann frá 1. okt. - 14. maí en frá 15. maí - 30. sept. skal greiða tvo gistimiða fyrir eina nótt.

Verð á gistimiða á Fosshótel Reykjavík og Fosshótel Glacier Lagoon er kr. 8.500 og greiða skal 2 miða yfir sumartímann.

Að auki skal greiða kr. 6.000 við komu á þessi tvö hótel.

## Icelandair Hótel

Icelandair-hótelin eru 7 talsins víðsvegar á landinu.

Gistimiði fyrir tveggja manna herbergi á Icelandair hótelum kr. 10.400

Morgunverður ekki innifalinn.

Gistimiðar Icelandair-hótelanna gilda eingöngu yfir vetrartímann.



## Hótel Keflavík



Hótel Keflavík er góður staður fyrir þá sem eru að fara erlendis því það er aðeins 5 mínútna akstur að flugstöð Leifs Eiríkssonar.  
Verð á gistimiða frá kr. 11.000 nóttin., og á gistiheimili er verð á gistimiða frá kr. 6.400. Morgunmatur innifalinn.



## Centrum Hótel Reykjavík, Aðalstræti 16 og Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 38

Verð á gistimiða er kr. 8.500

Einn gistimiði gildir fyrir gistingu í 2ja manna herbergi ásamt morgunverði af hlaðborði yfir vetrartímann frá 1. okt. - 14. maí en frá 15. maí - 30. sept. skal greiða tvo gistimiða fyrir hverja nótt. Aukagjald, kr. 6.000, er rúkað við komu á við komu á hótel.

Öll hótel: Félagssmaður sér sjálfur um að bóka gistingu. Áður en bókað er skal handhafi hótelið hafa samband við viðkomandi hótel símleidis eða með tölvupósti og taka fram að hann ætli að greiða með hótelið. Ekki er hægt að bóka í gegnum bókunarsíðu á heimasíðum hótela. **A.T.H. Nauðsynlegt er að sýna gistimiða við komu á hótel.**

Hótelmiðar hafa misjafnan gildistíma sem kemur fram á þeim, ekki er hægt að nota þá eftir að þeir renna út og ber kaupandi alla ábyrgð miðunum. Hótelmiðar fást ekki endurgreiddir.

FOSS-hótel: Bókunarsími 562-4000 eða beint á viðkomandi hótel. Heimasíða hótela er [fosshotels.is](http://fosshotels.is)

Grand-hótel: Bókunarsími 514-8000 Allar frekari upplýsingar má fá á heimasíðu hótelsins [grand.is](http://grand.is)

Centrum-hótel: Bókunarsími 514-8000 Allar frekari upplýsingar má fá á heimasíðu hótelsins [hotelreykjavik.is](http://hotelreykjavik.is)

Hótel EDDA: Bókunarsími 444-4000 Heimasíða hótelsins [hoteledda.is](http://hoteledda.is)

Icelandair-hótel Bókunarsími er á hverju hóteli fyrir sig eða með tölvupósti á [icehotels@icehotels.is](mailto:icehotels@icehotels.is)

Hótel Keflavík Bókunarsími 420-7000 Allar frekari upplýsingar má fá á heimasíðu hótelsins [kef.is](http://kef.is)

Hótel KEA Bókunarsími 460-2000 Allar frekari upplýsingar má fá á heimasíðu hótelsins [keahotels.is](http://keahotels.is)

# Orlofsbyggðin í Munaðarnesi

Í Munaðarnesi hefur verið mikil uppbygging síðustu ár og hefur svæðið tekið stakkaskiptum á margan hátt.



Nýi íþróttavöllurinn í Munaðarnesi.

Kominn er sparkvöllur á svæðið, leiktækjum hefur verið fjölgað og þau sem fyrir voru endurnýjuð. Aparólu, trambólíni og rólum hefur verið komið fyrir á svæðinu.

Í Eyrarhlíðinni voru lagðir göngustígar, trjám plantað, aðgengi lagað með tröppum og bílastæði stækkuð.

Í vor verður farið í göngustíga, þeir lagaðir og nýjum bætt við. Nýjum leiktækjum verður svo bætt við víða á svæðinu, ljósastaurum fjölgað og þeir gömlu endurnýjaðir.



Leiktækjum fjölgað.

Munaðarnes  
Restaurant

Þá er þjónustumiðstöðin í góðum rekstri og þar er hægt að fá mat og kaffi á góðu verði. Þjónustan er heldur ekki að spilla fyrir.

Kikið á Fésbókarsíðuna Munaðarnes Restaurant eða dropið inn.

Mikið er af góðum merktum gönguleiðum í nágrenni Munaðarness og fást upplýsingar um þær í þjónustumiðstöðinni.

Njótum verunnar í Munaðarnesi allan ársins hring.

## Orlofsréttur

Allir launþegar eiga rétt á orlofi samkvæmt lögum um orlof. Hafi launþegi skipt um vinnu eða hafið nýtt starf á orlofsárinu rýrir það ekki rétt hans til orlofs, hins vegar gæti starfsmaður átt rétt á launum hjá fyrri atvinnurekanda hafi hann ekki fengið þau greidd er hann lét af starfi.

Nánari reglur um orlof er að finna í kjarasamningum Samflotsfélaganna.

## Veikindi í orlofi:

Orlof og veikindi fara ekki saman.

Veikist starfsmaður í orlofi telst sá tími ekki til orlofs, enda sanni starfsmaður með vottorði læknis að hann hafi ekki getað noti orlofsins vegna veikindanna. Starfsmaður skal tilkynna veikindi sín til vinnustaðarins eins fljótt og við verður komið, til að forðast eftirmála. Getur starfsmaður þá krafist orlofs á öðrum tíma en á orlofstímabilinu (1. maí til 15. sept. ríki, 15. maí til 30. sept. sveitarfélög og aðrir) en þó ekki síðar en svo að orlofi hans sé lokið fyrir 31. maí næsta ár á eftir.



## Orlofshús í Munaðarnesi

### Stekkjarhóll, hús nr: 64

Húsið er 52m<sup>2</sup>, tvö svefnherbergi. Svefnpláss er fyrir 7-8 manns. (auka dýnur) Stór og falleg verönd með lokuð hliði. Lyklahús er við aðalinngang.



### Stekkjarhóll, hús nr: 63

Húsið er 52m<sup>2</sup>, tvö svefnherbergi. Svefnpláss er fyrir 6-7 manns. (auka dýnur) Stór og falleg verönd. Lyklahús er við aðalinngang.

### Vörðuás, hús nr: 20.

Húsið er 47m<sup>2</sup>, 2 svefnherbergi, svefnpláss er fyrir 6, þ.e. fyrir 2 í hjónaherbergi og fyrir 4 í kojum í barnaherbergi. Húsið er nýuppgerð. Lyklahús er við aðalinngang.



### Vörðuás hús nr: 15.

Húsið er 47m<sup>2</sup>, 2 svefnherbergi. Svefnpláss er fyrir 6, þ.e. fyrir 2 í hjónaherbergi og fyrir 4 í kojum í barnaherbergi. Húsið er nýuppgerð. Lyklahús er við aðalinngang.

## Upplýsingar um bústaðina í Munaðarnesi.

- Við brottför skal þrifa bústaðina vandlega. Loka gluggum og hurðum.
- Ganga skal tryggilega frá rusli og skila því af sér í sorpgáma sem eru á svæðinu.
- Leigjendur þurfa að hafa með sér salernispappír.
- Orlofshúsin er með fritt spil á golfklúbbnum Glanna fyrir tvo og 50% gjald fyrir aðra sem eru í bústaðnum. Sýna þarf leigusamning á golfvellingum.
- Öll notkun tóbaks er stranglega bönnuð í íbúðunum þ.m.t. nef- og munntóbak.
- Ef klárast af gaskút eru leigjendur beðnir fara í Baulu með leigusamning og sýna hann og fá þá afhentan nýjan kút.
- Í þessum húsum er G-4 háhraða netsamband frá Vodafone.
- Bendum á veitingahúsið í þjónustumiðstöðinni, frábær matur, stór skjár og virkilega góð þjónusta.

Hvað er til staðar í bústöðunum.	Stærð í m <sup>2</sup>	Svefnpláss og dýnur	Sængur og koddar	Sængurfatnaður	Eldavél/ofn	Gasgrill	Sjónvarp/útrarp	Nettenging	Uppþvottavél	Heitur pottur	Borð-/gölfuskur og viskusýki
Stekkjarhóll 63	52	6-7	8	Nei	Já	Já	Já	Já	Nei	Já	Nei
Stekkjarhóll 64	52	7-8	8	Nei	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Nei
Vörðuás 15	47	6	6	Nei	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Nei
Vörðuás 20	47	6	6	Nei	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Nei



## VEIÐIKORTIÐ 2018

Veidikortið er á góðum afslætti á bókunarsíðu orlofsvefs.

Kortið er góður valkostur sem hentar jafnvel veiðimönnum sem fjölskyldufólki. Með veiðikortinu er hægt að veiða ótakmarkað í rúmlega 35 vötnum víðsvegar á landinu.


Kortið gildir fyrir einn fullorðinn og börn yngri en 14 ára í fylgd með korthafa.

Veidikortið kostar **kr. 6.000** og verður til sölu á orlofsvef félagsins undir ávísanir.

Kortið ásamt bæklingi verða send til félagsmanna í pósti innan við viku frá kaupum á kortinu.

*Gildistími kortsins er árið 2018*

Allar nánari upplýsingar um kortið má finna á [www.veidikortid.is/](http://www.veidikortid.is/)



## Útilegukortið 2018

Útilegukortið gefur félagsmönnum kost á að ferðast um Ísland á ódýran og hagkvæman hátt með gistingu á sérvöldum tjaldsvæðum um land allt.

Útilegukortið veitir aðgang að yfir fjórða tug tjaldsvæða á landinu og veitir tveimur fullorðnum og fjórum börnum undir 16 ára aldri í 28 nætur yfir tímabilið, fría gistingu á 41 tjaldstæði samstarfsaðila Útilegukortsins (tjaldvagnar, tjöld, fellihýsi, húsbílar).

Útilegukortið kostar **kr. 14.100** og verður til sölu á orlofsvef félagsins undir ávísanir.

Kortið ásamt bæklingi verða send til félagsmanna í pósti innan við viku frá kaupum á kortinu.

Allar nánari upplýsingar um kortið má finna á [www.utilegukortid.is/](http://www.utilegukortid.is/)



## Golfkortið 2018

Golfkortið kostar **kr. 3.500** og getur hver félagsmaður keypt tvö kort.

Golfkortið var stofnað árið 2010. Golfkortið er afsláttarkort fyrir golfara m.a á vallargjöldum golfvalla um land allt. Rúmlega 30 golfvellir eru í boði. Golfkortið gildir fyrir einn eða tvo saman (korthafi skráir nafn og kennitölu sína á kortið). Kortið veitir aðgang 2 fyrir 1, þ.e. greitt eitt vallargjald í hvert skipti en tveir geta spilað (annar frítt). 40% afsláttur gildir fyrir 1. Sumir vellir eru með fasta krónutölu. Þetta er því kort sem

ætti að vera í eigu allra sem vilja spila golf. Kortið ásamt bæklingi verða send til félagsmanna í pósti innan við viku frá kaupum á kortinu.

Allar nánari upplýsingar um kortið má finna á [www.golfkortid.is/](http://www.golfkortid.is/)

## Almennar umgengnisreglur um orlofshúsin okkar og íbúðir.

Orlofshúsin og íbúðir eru sameign okkar eða við með á leigu og nauðsynlegt að við sameinumst um að ganga um þau með því hugarfari. Þannig tekst okkur að halda leiguverði niðri. Við skulum því hafa það í huga þegar við erum á dvalarstaðnum að ganga vel um og skilja við hann eins og við viljum koma að honum.

- Leigutaka er óheimilt að framselja leigusamning til annarra.
- Reykingar eru bannaðar innandyra á öllum dvalarstöðum.
- Við biðjum fólk vinsamlegast að fara varlega með eld utandyra við orlofshúsin og fleygja ekki sigarettustubbum og munntóbaki á lóðir við húsin.
- Dýrahald. Ekki er leyfilegt að hafa gæludýr með sér í húsin/íbúðir og á það einnig við um gæludýr gesta húsráðenda hverju sinni.
- Reglur fyrir skilum: Ef íbúðum eða bústöðum er skilað með skemmri fyrirvara en viku þá endurgreiðist leiga ekki nema íbúðin eða bústaðurinn leigist út aftur, ef skilað er með 2ja vikna fyrirvara þá endurgreiðast 50% af leigu nema íbúðin eða bústaðurinn leigist út aftur og ef skilað er með 3ja vikna fyrirvara eða meira þá endurgreiðist íbúðin eða bústaðurinn að fullu.

## Orlofsbústaðir á víða um land.



### Úlfstaðir á Héraði, bústaður nr. 31.

Skógarlundur á Úlfstöðum á Héraði er 48 m<sup>2</sup> með 28 m<sup>2</sup> svefnlofti.

Tvö svefnherbergi með tvíbreiðum rúmum eru á neðri hæð og auk þess tvöfalt rúm og dýnur á svefnlofti þannig að það geta auðveldlega 8-10 manns gisti í húsinu í einu.

Ef klárast af gaskút eru leigjendur beðnir fara og kaupa kút, taka nótu og fá hana svo greidda hjá sínu félagi. Lyklahús er við aðalinngang hússins.

### Húsafell, í Borgarfirði, Ásendi 6

Bústaðurinn er 60m<sup>2</sup>, 3 svefnherbergi með svefnpláss fyrir 6 manns og svefnsófi í stofu.

Ef klárast af gaskút eru leigjendur beðnir fara í verslunina með leigusamning og sýna hann og fá þá afhentan nýjan kút. Lyklahús er við aðalinngang.



### Eiðar, á Héraði, bústaður no: 16.

Bústaðurinn er 45m<sup>2</sup> 2 svefnherbergi með 6 svefnstæðum og 2 aukadýnur. Ef klárast af gaskút eru leigjendur beðnir fara og kaupa kút, taka nótu og fá hana svo greidda hjá sínu félagi.

Lyklahús er við aðalinngang hússins.

### Akrasel, Syðri-Reykjum í Bláskógarbyggð

Húsið stendur innarlega við Vatnshólaveg. Bústaðurinn er 76 m<sup>2</sup> 2 svefnherbergi með svefnplássi fyrir 6. Á svefnlofti er tvöfalt rúm og dýnur þannig að 8-10 manns geta sofði í bústaðnum.

Ef klárast af gaskút eru leigjendur beðnir fara í Bjarnabúð í Reykholti með leigusamning og sýna hann og fá þá afhentan nýjan kút.

Lyklahús er við aðalinngang hússins. Sjá annars staðar í blaðinu.



Hvað er til staðar í bústöðunum.	Stærð í m <sup>2</sup>	Svefnpláss og dýnur	Sængur og koddar	Sængurfáttaður	Eldavél/ófn	Gasgrill	Sjónvarp/útvarp	Nettenging	Uppvottavél	Heitur pottur	Hreinlætisvörur og salernisþappír	Borð-/gólfuskur og vaskustýkki
Úlfstaðir	76	8-10	8	Nei	Já	Já	Já	Já	Nei	Já	Nei	Nei
Eiðar	45	6-8	8	Nei	Já	Já	Já	Já	Nei	Nei	Nei	Nei
Húsafell	60	6-8	8	Nei	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já
Akrasel	76	8-10	8	Nei	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Nei	Nei

